

FRAM.

Útgefandi:
Hlutafélag á Siglufirði.

Ritstjórar:
Friðb. Niélsson og
Hannes Jónasson.

1. ár.

Siglufirði 14. apríl. 1917.

23. blað.



Hafliði Guðmundsson hreppstjóri

andaðist að heimili sínu hinn 12. þ. m.
kl. 7 að morgni, 64 ára gamall.

Banamein hans var brjóstveiki ásamt
hjärtabilun. Hafði hann verið rúmfastur
lengi, og þjáðist mjög síðustu vikurnar er
hann lifði. Helstu æfiatriða þessa sárt sakn-
aða og valinkunna heiðursmanns mun síðar
getið í Fram.

ugt, að hann hefir ekkert gagn af
því, að nægar vörubirgðir séu í
Reykjavík og ekki þó á nærliggjandi
höfnum væri, ef sjóleiðin lokast.

Þetta hafa menn vitað síðan Siglu-
fjörður bygdist, og svo er að sjá
sem fyrirrennarar þeirra manna, sem
nú eru uppi hér, hafi haft ljósari
hugmynd um hættu þá er Siglufirði
getur stafað af ís, því fyrir fáum ára
tugum var sveitin vanalega byrg af
matvælum, þó siglingar teptust. En
nú horfir öðruvísi við.

Þau ár sem eg hef verið hér,
hefði bygðarlagið komist í þrot með
mat á hverju einasta ári, ef vetrar
og vorbirgðir ekki hefðu komið með
gufuskipum, vita þó allir að ísinn
hefir komið, og getur komið enn,
á hvaða tíma sem er eftir nýár.

Um þennan brag sem nú er á,
má að miklu kenna kaupmönnum,
og verslunarmáta þeirra. Margar
verslanir hafa mestmegnis óþarfa á
boðstólum, sem þær ginna fólk með.
Þessi óþarfi er seldur afar verði því
kaupendur hafa ekki hugmynd um
verðmæti vörunnar, og hugsa ekki
um að kynna sér það. Óhlutvandar
seljendur sjá sér því leik á bordi
með að selja slíka vöru, en hugsa
minna um, að hafa nauðsynjar, sem
ekki er eins létt að skapa verð á
eftir geðþótta. Gróðinn á þeirri vöru
er ekki eins fljóttækinn og rentutap
að liggja með hana. En þegar lítið
er á alment verðlag hér, sést fljótt
að kaupmenn kynoka sér ekki við
að leggja á vörunar sér til mikils
hagnaðar, og þeir gætu þá séð sér
borgið þó þeir þyrftu að geyma mat-
arbirgðir frá ári til árs.

Það virðist siðferðisleg skylda
þeirra manna sem kaupmennsku
stunda, og hafa safnað að sér fjölda
viðskipta manna, að sjá um, að hafa til
nægan forða handa þeim til að lifa á,
af þeim vörum sem þeir annars eru van-
ir að versla með. Þeir þyrftu ekki að
lána hana út takmarkalaust, til þess eru
þeir ekki skyldugir, einungis að
hafa hana til sölu. Gerðu þeir þetta
væri sveitin trygg, og þeir þyrftu
þó einkis í að tapa.

Einustu erfiðleikarnir mundu vera
þeir að fá vörunar fluttar að haust-
laginu; en eftir því sem skipastóll
landsins hefir aukist nú á síðustu
árum ætti ekki að vera nein hætta
í framtíðinni, að vörumagn ekki
fengist flutt á þeim tíma. Sumar
verslanir hafa sín eigin skip eins og

t. d. sam. ísl. versl. og þeim er í
lófa lagið að sjá sjálfum sér forborða.

Þetta fyrirkomulag, sem allir hljóta
að játa er gott og þarflegt, ekki
einungis fyrir Siglufjörð heldur og
fyrir allar þær sveitir landsins, sem
ís getur einangrað, bætir að vísu
ekki úr þeim vandræðum sem nú
standa yfir. En einmitt nú er ástæða
til að ihuga málið, því þó ástæður
fyrir vöruleysisinu sé ekki ís nú, þá
er þó aðalorsökin sama, fyrirbyggju
leysi með að hafa að haustinu
birgðir til vetrarins.

Besta og ákjósanlegasta leiðin væri
án efa sú, að hver og einn gæti út-
búið sig til vetrarins svo, að hann
væri sjálfþær. Þessu mætti hjálpa
með auknum kaupfélagsskap, auk-
inni sparsemi hjá fólki alment og
síðast en ekki sist gæti það bætt á-
stæður manna, ef þeir gengju ætíð
framhjá sölubúðum þeim er lítið eða
ekkert hafa annað að bjóða, en fá-
nytt óþarft glingur og skraut, er litla
ánægju veitir þeim er kaupir, en
getur ollað sárrar sorgar að horfa
á þegar nauðsynjar vantar, sem
hægt hefði verið að kaupa, fyrir þá
peninga sem búið er að fleygja í
sjóinn með því að kaupa uppsprengt
rúsl og skraut.

á annan í páskum.

H. J.

Meðferð á hestum.

Ekkert vekur athygli dýravina hér
í Siglufirði, eins og öikumenn og
meðferð þeirra á hestum. Akstur með
hestum hefir verið með mesta móti
hér í vetur, hefir tvent borð til þess,
það fyrsta að tíðin hefir verið góð,
og aktæri ágætt, og annað, að menn
hafa verið skyldaðir til að fylla upp
lóðir sínar þar sem þess gjörist þörf.
Hafa menn þeir sem uppfyllingu hafa
þurft, fengið hesta og sleða eða
kerru hjá Birni Jónassyni, sem einn
hefir þau tæki hér í Siglufirði. Menn
hans hafasjaldan fylgt með, og hafa því
óvanir menn ekið, er ekki voru starf-
inu vaxnir, og hestarnir þar af leið-
andi sýnt mótþróa, fyrir óvana öku-
manna.

Þessir menn hafa því þurft að
beita ofbeldi við skepnurnar, sem
komið hefir fram í því að þeir hafa
barið þær með frosnum kaðli (ak-
taumunum) og ekki ætíð hugsað

Hríðarhugleiðingar.

Hríð, hríð, stórhrið!

Tæplega hægt að fara út úr húsi,
þó menn eigi erindi. En nú er helg-
ur dagur, og lítið út að gjöra ann-
að en að fara í kirkju, og það gjöra
sjálfsgagt einhverjir, líklega bestu
mennirnir.

Fleiri munu það þó vera sem
sitja heima. Hnuggnir og kvíðnir
horfa þeir fram á veginn, sem als
ekki er glæsilegur. Í dag er hátíðar-
dagur. Vorhátíðin, þegar vonirnar
nývaknaðar fegnar vildu fá að leika
sér, teiga að sér heilnæman vorand-
ann, og þroskast við bjart loft og
bliðu. En nú er hríð. Ekki einungis
í þeim vanalega skilningi, stormur,
fannkoma og 16—17 stiga frost,
heldur dynur nú hörmunga hríð að
flestum íbúum þessa héraðs og víð-
ar um Norðurland.

Á þessari hátíð finna menn enn

sárara til þess ástands sem er, og
lítur út fyrir að verða, með skort á
því bjargræði sem þarf til lífsviður-
halds. Fjöldi manna heldur þessa
hátíð bjargarlitill og bjargarlaus.
Menn hafa ekki þær nauðsynjar,
sem þarfnast til daglegs viðurværis,
auk heldur til hátíðabrygðis. Alt
vantar: sykur, smjör, kartöflur og
kol, þá fátækustu vantar ennfremur
kornmat, kjöt og fisk.

Hið versta er, að vörur þessar eru
als ekki til hér á staðnum, að und-
anskyldu kjöti og dálitlu af korn-
mat, og þó von sé á Lagarfoss
hingað til Norðurlands áður en lang-
ur tími líður, þá er í fyrsta lagi eng-
in trygging fyrir því að þær vörur
komi hingað sem mest þörf er á,
og í öðrulagi getur ísinn verið bú-
inn að loka Siglufjarðarhöfn, þegar
Lagarfoss er kominn svo langt á-
leiðis. Horfurnar eru því alt annað
en góðar, því staðhættir Siglufjarð-
ar eru svo, eins og öllum er kunn-